

Maí, 2024



Landsáætlun UM ÚTRÝMINGU Á SAUÐFJÁRRIÐU



Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Landsáætlun

um útrýmingu á sauðfjárriðu

Mái, 2024

Mar.is

mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

©2022 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-9749-1-4

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Skammstafanir	5
Formáli	6
1. Stefna	7
2. Ábyrgð	8
3. Ræktun arfgerða með V og MV.....	10
3.1 Flokkun arfgerða.....	11
3.2 Fyrirkomulag sýnatöku til arfgerðagreininga.....	11
3.3 Markmið um útbreiðslu V og MV arfgerða.....	12
3.4 Ræktunaráætlun og eftirfylgni	14
3.5 Áætlun um arfgerðargreiningar	15
4. Varnir gegn riðuveiki	17
4.1 Takmarkanir og aðgerðir á bæjum	17
4.2 Sauðfjárveikivarnahólf	21
4.3 Sóttvarnir á búum.....	24
4.4 Söfnun og úrvinnsla dýrahæja.....	25
5. Vöktun	26
5.1 Eftirlit með einkennum	26
5.2 Sýnatökur.....	26
6. Viðbrögð við uppkomu riðu	28
7. Bætur, fjárstuðningur og aðrar greiðslur.....	30

Samantekt

Í landsáætlun þessari kemur fram umtalsverð breyting á nálgun við að útrýma riðuveiki. Horft er frá því að reyna að útrýma smitefninu sjálfu, þess í stað verður megin áherslan lögð á að útrýma veikinni með ræktun fjárstofns sem ber verndandi arfgerðir gegn riðusmítefninu ásamt áframhaldandi aðgerðum til að hefta mögnun og dreifingu smitefnisins. Horft er til þess að aðgerðir séu áhættumiðaðar, þær séu stigmagnandi og beint að tilteknum áhættuflokkuðum bæjum en ekki jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi. Sjö ára tímaviðmið er tekið upp í stað 20 ára, fyrirmyndin er sótt í ESB-reglur um riðuveiki og varða viðskipti með fé á milli landa, auk þess sem sjö ár er tvöfaldur meðalmeðgöngutími riðuveikismits.

Landsáætlunin gerir ráð fyrir flokkun á riðubæjum, áhættubæjum og öðrum bæjum í áhættuhólfi auk allra bæja landsins. Sett eru tímasett ræktunarmarkmið fyrir hvern flokk. Öllum verður gert skylt að rækta gegn riðuveiki í samræmi við stefnur og markmið sem sett eru í landsáætluninni, en miðað er við að ræktunarmarkmiðunum verði náð fram með jákvæðum hætti; með stuðningi, hvatningu og viðurkenningum. Lagt er til að bætur fyrir fellt fé verði settar fram í reglugerð sem tiltekin krónutala á hvern grip og að við ákvörðun upphæða verði tekið mið af kaupverði líflamba. Gert er ráð fyrir að við ákvörðun um greiðslu bóta verði tekið mið af framgangi ræktunar hjá viðkomandi bónda miðað við ræktunarmarkmiðin, þannig að þeir bændur sem ekki fylgja áætluninni geti glatað rétti til bóta að hluta eða öllu leyti, sem er í samræmi við þá almennu reglu að fólk beri að takmarka tjón sitt sé þess kostur.

Aðgerðir við uppkomu riðuveiki fela í sér förgun á móttækilegu fé og minnkun á magni smitefnis, auk ýmissa tímabundinna kvaða og hafta á riðubæjum og viðkomandi áhættubæjum. Samhliða almennri kröfu um ræktun verndandi arfgerða er krafa um að á riðubæjum verði eingöngu fé sem ber verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Af því leiðir að hægt er að draga úr kostnaðarsömum hreinsunum og aðgerðum í kjölfar uppkomu riðuveiki.

Landsáætlunin skapar aðstæður til að aflétta viðamiklum höftum jafnt og þétt, höftum sem hvílt hafa á sauðfjárbændum í um 80 ár. Samhliða minnka fjárútlát hins opinbera vegna riðu í formi greiðslu kostnaðar vegna aðgerða við uppkomu riðuveiki, greiningu riðusýna og viðhald varnargirðinga. Stjórnsýsla við uppkomu riðuveiki og varnir gegn henni færir að mestu frá MAR til MAST, þannig minnkar stjórnsýslan hjá MAR en eykst hjá MAST, en í heild mun stjórnsýslan dragast saman innan fárra ára með fækkun riðutilfella og varnarhólfa. Verkefni sem ráðast þarf í næstu ár og fram koma í landsáætluninni kalla á fjárútlát, mest er þó um einkisþingskostnað að ræða. Innan áratugar munu fjárútlát hins opinbera dragast verulega saman og verða í framtíðinni aðallega vegna skimunar fyrir sjúkdómnum.

Æðstu yfirmenn stofnanna sem að landsáætluninni standa undirrita áætlunina og uppfærslur hennar, en Matvælastofnun er falið að annast árlega endurskoðun.

Skammstafanir

BÍ: Bændasamtök Íslands

MAR: Matvælaráðuneytið

MAST: Matvælastofnun

MV: Mögulega verndandi genasamsæta

RML: Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

V: Verndandi genasamsæta

x: Aðrar genasamsætur en VRQ

Formáli

Í janúar 2022 fannst í fyrsta sinn á Íslandi genasamsæta í sauðfé sem verndar gegn riðuveiki (ARR) og þannig opnaðist ný leið í baráttunni gegn veikinni. Frá níunda áratug síðustu aldar hafa stjórnvöld unnið markvisst að því að útrýma veikinni með niðurskurði og ströngum smitvörnum með góðum árangri en betur má ef duga skal. Vilji er meðal bænda og stjórnvalda til að berjast gegn sjúkdómnum. Um er að ræða ólæknandi hægfara heilahrörnunarsjúkdóm, sem veldur bændum búsisfjum, hinu opinbera miklum fjárútlátum og síðast en ekki síst dýrunum þjáningum.

Á vormánuðum 2023 skipaði matvælaráðherra sérfræðingahóp um riðumál sem vann með yfirdýralækni að gerð skýrslu sem bar yfirskriftina: „Aðgerðir gegn riðuveiki, ný nálgun með verndandi arfgerðum“. Skýrslan var afhent ráðherra þann 1. nóvember sama ár. Fyrsta áhersluatriði hópsins var:

„Að gefa út sameiginlega landsáætlun um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda, áætlunin ætti að vera sameign matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Matvælastofnunar.“

Matvælaráðherra ákvað í kjölfarið að ráðuneytið skyldi leiða gerð slíkrar landsáætlunar. Yfirdýralækni var falið að stýra þeirri vinnu og skipaði ráðherra sérstakan starfshóp í janúar 2024 til að vinna með yfirdýralækni að gerð áætlunarinnar. Starfshópin skipa:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir
- Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ
- Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML
- Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá MAST
- Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði hjá MAST

Landsáætlun um útrýmingu riðuveiki er sameiginlegt stefnuskjal stjórnvalda og bænda, þ.e. MAR, BÍ og MAST. Áætlunin lýsir því hvernig Ísland hyggst útrýma riðuveiki í sauðfé hér á landi innan tiltekins tímaramma. Áætlunin er undirrituð af æðstu fulltrúum ofangreindra aðila og birt á heimasíðum þeirra. Landsáætlunin skal endurskoðuð árlega, eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Sett eru markmið, verkþættir skilgreindir, fjármögnun tilgreind o.fl. Jafnframt er tilgreint hver ber ábyrgð á hverjum verkþætti. Nákvæmar útfærslur verkþátta eru ekki í þessari áætlun, svo sem ræktunaráætlun, sýnatökuáætlanir fyrir arfgerðir og sjúkdómsskimun, en skilgreint er hver ber ábyrgð á gerð þeirra, samþykkt, birtingu, eftirfylgni o.s.frv.

1. Stefna

Stefnt er að því að innan 20 ára hafi riðuveiki í sauðfé á Íslandi verið útrýmt, þ.e. frá og með árinu 2044. Þá hafi ekki greinst riðuveiki í neinni sauðfjárhjörð í sjö ár samfellt (2038-2044).

Stefnt er að því að Ísland hafi hlotið viðurkenningu ESB árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð hér á landi.

Stefnt er að því að litlar líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð á Íslandi frá og með árinu 2028.

Þessu verði náð með ræktun V og MV arfgerða, smitvörnum, vöktun og viðbrögðum sem felast í aðgerðum til upprætingar smitefnis þegar upp kemur riðuveiki og nánar er lýst í áætlun þessari. Jafnframt verði sett fullnægjandi ákvæði í löggjöf sem tryggir framkvæmdina.

2. Ábyrgð

BÍ og hagaðilar:

- Bændur bera ábyrgð á smitvörnum og ræktun eigin hjarða, auk töku sýna til arfgerðagreininga
- Bændur bera ábyrgð á að afhenda fé vegna stjórnvaldsaðgerða við uppkomu riðuveiki, einangrun fjár og upprætingu smitefnis
- Allir bændur bera ábyrgð á að tilkynna og afhenda hræ af sjálf dauðu og felldu fullorðnu fé, auk hausa af heimaslátruðu fullorðnu fé
- Fagráð í sauðfjarrækt ber ábyrgð á stefnu í kynbótum, sbr. 4. gr. laga nr. 70/1998 og bera þannig ábyrgð á gerð ræktunaráætlunar verndandi og mögulega verndandi arfgerða
- BÍ ber ábyrgð á kynbótaskýrsluhaldi og kynbótamati, sbr. 10. gr. laga nr. 70/1998 og framlagningu upplýsinga tengdum landsáætlun þessari, en hefur BÍ falið RML framkvæmd og umsjón með skýrsluhaldinu
- RML ber ábyrgð á útgáfu yfirlýsinga um bú/hjarðir sem uppfylla markmið sem sett eru í kafla 3.3 og birtingu þeirra
- RML ber ábyrgð á söfnun sýna til arfgerðagreininga, úrvinnslu þeirra og birtingu
- RML ber ábyrgð á eftirfylgni, ef landsáætlun þessari er ekki fylgt, og fellur undir ábyrgðasvið BÍ eða hagaðila

MAST:

- Endurskoða árlega landsáætlun þessa, taka saman mæliþætti í samræmi við sett markmið og upplýsa um niðurstöður
- Leiðbeina um almennar og sértækar smitvarnir
- Hafa eftirlit með að stjórnvaldsfyrirmælum sé fylgt
- Láta taka og safna riðusýnum, senda til greiningar, vinna úr niðurstöðum og birta þær
- Undirbúa og framkvæma stjórnvaldsaðgerðir við uppkomu riðuveiki
- Beita stjórnvaldsákvörðunum til að ná fram markmiðum landsáætlunarinnar

MAR:

Með fyrirvara um samþykki Alþingis, þar sem við á, ber matvælaráðuneytið ábyrgð á að nauðsynleg laga- og reglugerðafyrirmæli séu sett og að fjármögnun sé tryggð fyrir eftirfarandi þætti:

- Komið verði á söfnunarfyrirkomulagi dýrahæja á landsvísu
- Greitt verði fyrir greiningu riðusýna skv. árlegri sýnatökuáætlun
- Greitt verði fyrir arfgerðargreiningu sýna, skv. samningi við RML
- Greiddir verði styrkir fyrir sæðingar til ræktunar á V og MV arfgerðum á landsvísu
- Greiddir verði styrkir sem stuðla að hraðari ræktun á áhættubæjum
- Greitt verði fyrir aðgerðir í kjölfar uppkomu riðuveiki. Greiðslur nái til bóta fyrir bústofn, afurðatjón og förgun efna og hluta
- Greiddir verði styrkir til uppbyggingar hjarða með V og MV arfgerðum í kjölfar niðurskurðar

3. Ræktun arfgerða með V og MV

Víða um heim er ræktað gegn riðuveiki í sauðfé og hefur ESB sett reglur þar að lútandi (reglugerð EB nr. 999/2001), en Ísland hefur ekki innleitt þann hluta reglugerðarinnar. Ræktun gegn riðuveiki í ESB er valkvæð, aðildarríkin ráða því sjálf hvort þau setja sér landsáætlanir um ræktun gegn riðuveiki. Nokkur lönd hafa gert það og náð eftirtektarverðum árangri, svo sem Kýpur og Holland. Fram til ársins 2022 hafði Ísland ekki möguleika á að rækta gegn riðuveiki með sama hætti og gert er í löndum ESB, en þá fannst í fyrsta skipti hér á landi fé sem bar hina verndandi genasamsætu ARR. Það ár var einnig leitað að fleiri arfgerðum sem mögulega gætu verið verndandi gegn riðuveiki. Í því skyni voru tekin um 30.000 sýni vítt og breytt um landið. Í kafla 3.1 er nánar fjallað um þessar arfgerðir og útbreiðslu þeirra í íslenska fjárstofninum.

Arfgerð príon prótein-gensins samanstendur af tveim genasamsætum, einni frá hvoru foreldri. Aðeins ARR-genasamsætan er viðurkennd af alþjóðlegum stofnunum sem verndandi, en vísbendingar eru um að fleiri samsætur geti verið verndandi gegn riðuveiki. Sérfræðingahópur matvælaráðherra setti fram flokkun þessara arfgerða og birti í skýrslu sinni 1. nóvember 2023, sjá töflu 2 í kafla 3.1. Í ljósi þess að afar fáar kindur bera ARR hér á landi þá varð almenn samstaða um að nýta einnig kindur með mögulega verndandi arfgerðir til ræktunar gegn riðuveiki. Tíminn og frekari rannsóknir leiða svo í ljós hvort þær eru í raun verndandi líkt og ARR. Í landsáætlun þessari er stuðst við flokkun sérfræðingahópsins. MAST hefur tekið mið af þessari flokkun við mat á aðgerðum við uppkomu riðuveiki, sbr. kafla 3.4. Genasamsætan VRQ er alþjóðlega viðurkennd sem áhættuarfgerð sem ber að losna við með markvissu ræktunarstarfi.

Til hægðarauka er notast við eftirfarandi tákn í landsáætlun þessari:

- „V“ sem tákn fyrir verndandi genasamsætu, sem nú er aðeins ARR en gætu orðið fleiri í nánustu framtíð.
- „MV“ sem tákn fyrir mögulega verndandi genasamsætu, sem nú er AHQ, AC₁₅₁RQ og AT₁₃₇RQ en gætu orðið fleiri eða færri í nánustu framtíð.

Við ræktun riðupolinna stofna er lögð áhersla á vali fyrir eftirfarandi arfgerðum en með mismiklum áherslum eftir svæðum:

- V/V
- V/x
- MV/MV
- MV/x

Í landsáætlun þessari getur x verið hvaða genasamsæta sem er nema VRQ.

Viðmið og ræktunarmarkmið í landsáætlun þessari eru sett fram með ofangreindum táknum, þannig að við breytingar á flokkun t.d. úr „MV“ í „V“ í kjölfar rannsóknaniðurstaðna, breytast hvorki viðmið né markmið heldur breytist mengið sem útreikningar byggjast á. Ræktun gegn riðuveiki á Ísland er frábrugðin ræktunareglum ESB. Hér á landi er gert ráð fyrir skipulagðri notkun mögulega verndandi arfgerða samhliða ræktun með verndandi arfgerð, ESB miðar aðeins við verndandi arfgerðir.

3.1 Flokkun arfgerða

Sjö genasamsætur príonprótein gensins (*PRNP*) hafa fundist í fé á Íslandi og eru táknaðar sem ARQ, VRQ, AHQ, ARR, AT₁₃₇RQ, AN₁₃₈RQ og AC₁₅₁RQ. Með sjö samsætum í *PRNP* geninu er möguleiki á 28 mismunandi arfgerðum. Arfgerðirnar eru flokkaðar í nærmar (N), verndandi (V) og mögulega verndandi (MV), sjá töflu 1.

Tíðni þessara genasamsæta er mismikil í stofninum, en samkvæmt upplýsingum frá RML, byggt á gögnum úr Fjávís.is í nóvember 2023, var tíðni ARQ um 83% í stofninum, AHQ um 8%, AN₁₃₈RQ 5%, VRQ 3%. Tíðni annarra samsæta var innan við 1%. Nánar má fræðast um mismunandi genasamsætur og auðkenningu þeirra í fræðsluefni undir yfirskriftinni „Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé – Leiðbeiningar á grunnatriðum við innleiðingu verndandi arfgerða“ sem aðgengilegt er á heimasíðu RML og í Hrútaskrá 2023 - 2024

Tafla 1: Flokkun arfgerða

	ARQ	VRQ	AHQ	ARR	AT ₁₃₇ RQ	AN ₁₃₈ RQ	AC ₁₅₁ RQ
ARQ	N						
VRQ	N	N					
AHQ	MV	N	MV				
ARR	V	N	V	V			
AT ₁₃₇ RQ	MV	N	MV	V	MV		
AN ₁₃₈ R	N	N	MV	V	MV	N	
AC ₁₅₁ RQ	MV	N	MV	V	MV	MV	MV

Aukin þekking með frekari rannsóknum gefur tilefni til að endurskoða flokkun genasamsæta reglulega. Flokkun samsæta er sett með reglugerð um riðuveiki að fengnum tillögum MAST.

3.2 Fyrirkomulag sýnatöku til arfgerðagreininga

a) Sýnataka

Bændur ábyrgjast sjálfir framkvæmd sýnatöku til arfgerðagreininga og að auðkenni sýna séu skráð á rétta gripi í skýrsluhaldsforritinu Fjávís. Forskráning sýna er framkvæmd áður en sýnum er skilað til greiningar

en skráningin er forsenda þess að niðurstöður verði aðgengilegar í Fjávís. Þeir sem ekki hafa tök á því að forskrá sýni geta fengið þá þjónustu hjá RML gegn gjaldi. RML sér um að tryggja bændum sýnatökubúnað, fyrirkomulag á því getur verið breytilegt eftir greiningaraðila hverju sinni en sýni sem greind verða á vegum RML skulu tekin með búnaði sem RML viðurkennir. Umsýsla og kostnaður vegna búnaðar er hluti af greiningarkostnaði, en sendingakostnað á sýnatökuefni ber viðtakandi.

b) Greining sýna

RML annast öll samskipti við greiningaraðila og rannsóknarstofur sem þeir hafa samið við og þannig er tryggt að bændum standi til boða þjónusta við arfgerðargreiningar. RML tryggir móttöku sýna en fyrirkomulag móttöku getur verið breytilegt eftir því hvert sýnin fara til greiningar. Bændur sjá um að senda inn sýni samkvæmt fyrirmælum og bera kostnað af því að koma þeim á móttökustað. Bændur geta þó skipt við hvern þann greiningaraðila sem býður upp á viðurkennda þjónustu og skilar niðurstöðum til RML samkvæmt c lið.

c) Niðurstöður greininga

RML annast móttöku niðurstaðna og heldur utan um niðurstöður greininga í skýrsluhaldforritinu Fjávís. Niðurstöður sem þar eru birtar teljast fullgildar. Jafnframt ber RML ábyrgð á því að í Fjávís fari eingöngu niðurstöður frá viðurkenndum greiningaraðilum og setur kröfur um á hvaða formi niðurstöður skulu vera. Sé hægt að spá fyrir um greiningu afkvæmis út frá niðurstöðum foreldra samkvæmt Fjávís með 100% öryggi telst spáin sem fullgild greining.

3.3 Markmið um útbreiðslu V og MV arfgerða

Öllum sauðfjäreigendum er skylt að rækta gegn riðuveiki í samræmi við stefnur sem settar eru fram í kafla 1 og markmið sem sett eru fram í töflum 2-5 í þessum kafla. Í töflunum er með „ásetningsfé“ átt við allt fé sem sett er á til lífs að hausti og á bæði við um lömb og fullorðna gripi.

Lögð er áhersla á að riðubæir njóti mesta forgangs við ræktun, síðan áhættubæir, þá aðrir bæir í áhættuhólfum og síðast aðrir bæir í landinu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að veita bændum undanþágu frá neðangreindum markmiðum fyrir gripi með einstaka eiginleika, svo sem forystufé, feldfé, brúskfé o.fl.

Tafla 2. Riðubæir: markmið um arfgerðir ásetningsfjár

Uppbygging	Markmið	Aflétting á einangrun eftir niðurskurð
Allir gripir beri V samsætur	Allt fé V/V og/eða V/x	Af öllu fé eftir 2 ár
Gripir geta ýmist borið V og MV samsætur	>75% fjárins V/V og rest V/MV eða MV/MV	Af fé með V/V og V/MV eftir 2 ár Af öllu fé eftir 7 ár

Í kafla 3.4 er fjallað um aðgerðir við uppkomu riðuveiki og skilyrði um ræktun, eftir því hvor leið uppbyggingar hjarðar er valin.

Tafla 3. Markmið um arfgerðina VRQ/x í ásetningsfé

	Haust 2024	Haust 2025	Haust 2026	Haust 2030
Riðubæir	Ekkert fé er VRQ/x			

Áhættubæir	Enginn kynbótahrútur er VRQ/x			< 1% er VRQ/x
Aðrir bæir í áhættuhólfum	Engir kynbótahrútar eru VRQ/x			< 1% er VRQ/x
Aðrir bæir í landinu		Engir kynbótahrútar eru VRQ/x		< 1% er VRQ/x

Tafla 4. Markmið um verndandi og mögulega verndandi arfgerðir í ásetningsfé

	Haust 2024	Haust 2025	Haust 2026	Haust 2028	Haust 2032	Haust 2034	Haust 2044
Áhættubæir	>50% kynbótahrúta er V/x	>25% kynbótahrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x	>75% kynbótahrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV	>75% ásettra áa er V/x eða MV/x	100% ásettra áa er V/x eða MV/x		
Aðrir bæir í áhættuhólfi	>25% kynbótahrúta er V/x	>25% kynbótahrúta er V/x >50% kynbótahrúta er V/x eða MV/x	>25% kynbótahrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x	>75% kynbótahrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x >50% ásettra áa er V/x eða MV/x	>90% ásettra áa er V/x eða MV/x <10% ásettra áa er x/x		
Landið allt utan áhættuhólfa		>50% kynbótahrúta í 25% hjarða er V/x eða MV/x	>50% kynbótahrúta í 50% hjarða er V/x eða MV/x	>50% kynbótahrúta í 90% hjarða er V/x eða MV/x	100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV	>50% fjár í hverri hjörð er V/x eða MV/x	>90% fjár í hverri hjörð er V/x eða MV/x

					eða MV/MV		
--	--	--	--	--	--------------	--	--

Í markmiðum um kynbótahrúta er átt við þá hrúta sem notaðir eru til undaneldis á búinu hvort heldur það eru heimahrútar eða sæðingahrútar.

Tafla 5. Markmið um arfgerðir sölulamba

	Haust 2024	Haust 2025
Allt landið	Engin sölulömb eru VRQ/x	Öll sölulömb eru V/x eða MV/x

3.4 Ræktunaráætlun og eftirfylgni

a) Ræktunarmarkmið

Markmið um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða sem sett eru fram í landsáætlun þessari byggja á stefnu fagráðs í sauðfjárrækt um ræktun gegn riðu. Fagráð ber ábyrgð á að markmiðum um innleiðingu sé fylgt við mótun ræktunarstarfsins og að tekið sé tillit til þeirra varðandi reglur og stefnumörkun sem lúta að framkvæmd kynbótastarfsins í sauðfjárrækt. Við árlega endurskoðun landsáætlunar þessarar skal samráð haft við fagráðið um endurskoðun markmiða um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða.

b) Sauðfjársæðingar

Sauðfjársæðingastöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða. Sauðfjárræktarráðunautar RML bera ábyrgð á að val á hrútum inn á sæðingastöðvarnar samræmist gildandi ræktunarmarkmiðum sem samþykkt hafa verið af fagráði í sauðfjárrækt. Það felur m.a. í sér að innleiða verndandi og mögulega verndandi arfgerðir í stofninn.

c) Eftirfylgni

Skýrsluhaldið

RML ber ábyrgð á að í skýrsluhaldskerfinu Fjávís.is séu aðgengilegar skýrslur sem mæla árangur ræktunar gegn riðu og að aðgengilegt sé í Fjávís mælaborð sem birtist bóndanum og gefur stöðu á samsetningu hjarðarinnar m.t.t. arfgerða ásamt upplýsingum um markmiðin. Einnig að það birtist bóndanum hvar hans bú stendur miðað við önnur bú í sama flokki. Tvisvar á ári rýnir RML skráningar í Fjávís.is, í upphafi árs annars vegar og fyrir fengitið hins vegar, ber niðurstöður saman við ræktunarmarkmið og miðlar upplýsingunum opinberlega. RML og fagráð í sauðfjárrækt bregðast við með fræðslu og ráðgjöf ef útlit er fyrir að sett markmið náist ekki. Sé tilefni til að beita stjórnvaldsákvörðun til að ná settum markmiðum ber MAST ábyrgð á að það sé gert. Forsenda þess að hægt sé að beita þvingunum eða refsingum er að ákvæði sé um slíkt í lögum.

Verðlaunaveitingar

Fagráð í sauðfjárrækt ber ábyrgð á að tekið sé tillit til markmiða um ræktun gegn riðu við allar verðlaunaveitingar í sauðfjárrækt, hvort sem um er að ræða einstaka gripi eða bú eða lista yfir úrvalsbú. Þess verði gætt að verðlauna ekki bú sem ekki stenst markmið sem sett eru í landsáætlun þessari. Þí sér til þess að komið verði á sérstökum hvatningarverðlaunum sem veitt verða til búa sem ná framúrskarandi árangri í að rækta hratt upp riðuþolinn stofn.

Fræðsla og upplýsingar

RML og MAST annast kynningu á landsáætlun þessari með fundum og fræðsluefni þar sem lögð er áhersla á að hvetja bændur til að ná markmiðum um ræktun gegn riðu

3.5 Áætlun um arfgerðargreiningar

Forsenda þess að ná markmiðunum um ræktun sem sett eru fram í kafla 3.3 er greining arfgerða, þannig að arfgerð sé þekkt áður en ásetningur er valinn að hausti. RML ber ábyrgð á gerð áætlunar um arfgerðagreiningar, framkvæmd sýnatöku og greiningu, auk úthlutunar styrkja til niðurgreiðslu greininga. MAR ber ábyrgð á ákvörðun um heildarupphæð árlegra styrkja til arfgerðagreininga og gerð samnings við RML um úthlutun þeirra til bænda, í samræmi við áherslur og forgangsröðun sem fram kemur í kafla þessum.

Áhersla er lögð á að nægjanlegur fjöldi gimbra og hrútlamba undan gripum með V eða MV arfgerðir sé greindur til þess að mæta þörf fyrir ásetning. Meðan að flestir ræktunargripir eru arfblendnir verður þörf fyrir að greina tvö til þrjú lömb fyrir hvert eitt sem sett er á. Eftir því sem notkun arfhreinna hrúta eða arfblendinna fyrir V og MV eykst minnkar þörfin fyrir greiningar á gimbrum. Lögð er áhersla á að allir ásettir kynbótahrútar séu greindir.

Áhersla verði lögð á að styrkja arfgerðagreiningu afkvæma undan V gripum umfram afkvæmi undan MV gripum. Miðað er við að styrkur vegna greininga á afkvæmum gripa með V geti verið allt að tvöfalt hærra en styrkur til greininga á afkvæmum gripa með MV.

Fyrir 1. desember ár hvert leggur RML fram drög að áætlun fyrir MAR um þörf á arfgerðargreiningum komandi árs. Fyrir 31. desember ákveður MAR heildarupphæð styrks. Eigi síðar en 20. janúar leggur RML fram skýrslu um arfgerðargreiningar sl. árs. Þar komi fram umfang greininga, kostnaður við verkefnið og hvernig nýting á styrkjum var háttað. Jafnframt sé lögð fram endanleg áætlun um arfgerðargreiningar á komandi ári. Þær tölur byggja m.a. á endanlegu uppgjöri á arfgerðargreiningum síðasta árs og upplýsingum um ásetning komandi árs ásamt notkun sæðinga samkvæmt skráningum í Fjárvís. Í framhaldinu sé gengið frá samningi um stuðning vegna arfgerðargreininga og skal sá samningur liggja fyrir eigi síðar en 31. janúar.

RML birtir skýrslu einu sinni á ári um stöðu innleiðingar verndandi og mögulega verndandi arfgerða. Skýrslan sé lögð fram eigi síðar en 15. febrúar og byggir á að gerð sé greining á stöðu fjárstofnsins þar sem þátttaka og árangur í innleiðingu er borinn saman við markmið, skipt niður eftir áhættuflokkum bóva.

4. Varnir gegn riðuveiki

Samhliða ræktun gegn riðuveiki er nauðsynlegt að fyrirbyggja nýsmit og dreifingu smitefnis innan hjarðar og milli hjarða. Bregðast þarf við uppkomu riðuveiki með það að markmiði að fjarlægja eða minnka magn smitefnis eins og ástæða er til hverju sinni, allt eftir aðstæðum og arfgerðum hveirrar hjarðar. Samspil sóttvarna og ræktunar er mikið. Vægi sóttvarna minnkar í réttu hlutfalli við ræktun fjár með verndandi arfgerðir. Þannig er það afgerandi þáttur í viðbrögðum við uppkomu riðuveiki að nýr fjárstofn sé með hátt hlutfall af V genasamsætum. Af þessu leiðir að minni þörf verður á viðtækri og kostnaðarsamri hreinsun.

Sama gildir um ýmis höft sem sett eru á bæi og landsvæði í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu smitefnis. Því hærra hlutfall V og MV genasamsæta í hjörðum og landsvæðum því minni höft, þ.á.m. kostnaðarsöm uppskipting landsins í varnarhólf.

Forvarnir eru margvíslegar og á mörgum stigum og þarfnast stöðugar uppfærslu eftir því sem ræktun gegn riðuveiki vindur fram.

4.1 Takmarkanir og aðgerðir á bæjum

Ákvörðun um takmarkanir og aðgerðir skal byggjast á áhættuflokkun viðkomandi bæja. Takmarkanir á flutningi fjár, tækja, efna o.s.frv., skulu byggja á líkum á að smitefnið berist í næmt fé við flutninginn.

Ákvörðun um afléttingu takmarkana skal taka mið af framvindu ræktunar á fé með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir. Mögulegar undanþágur frá takmörkunum sem settar eru á bæi eru háðar leyfi MAST.

Bæir eru flokkaðir í eftirtalda flokka:

- Riðubær er bær þar sem riða hefur verið staðfest og opinberar takmarkanir hvíla á. Riðubær verður áhættubær þegar þeim sérstöku takmörkunum sem settar hafa verið á bæinn hefur verið aflétt.
- Áhættubær er bær sem hefur faraldsfræðilegar tengingar við riðubæ undangengin 7 ár fyrir staðfestingu riðunnar. Tengingarnar geta m.a. verið samgangur fólks og/eða fjár, samnýting aðhalds, fjárhúsa, tækja og tóla, fjárrag eða flutningar fjár. MAST metur og ákveður hvaða bæir falla hér undir og skiptir þeim í þrjá undirflokkka á grundvelli mismikillar áhættu, allt eftir tengingu hvers og eins þeirra við riðubæ. Flokkunina má sjá í töflu 6. Bær er áhættubær í 7 ár frá uppkomu riðu á viðkomandi riðubæ.
- Aðrir bæir í áhættuhólfi eru þeir bæir í varnarhólfi þar sem riða hefur verið staðfest í síðastliðin 7 ár, en eru hvorki riðubæir né áhættubæir.

Tafla 6. Flokkun áhættubæja

Áhættu-flokkur	Viðmið
1	Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), ekki með ARR
1	Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, ekki með ARR
1	Sameiginlegt fjárrag í húsi
1	Samgangur/-hjálp bænda á sauðburði
1	Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við slímhúð eða líkamsvessa
2	Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), með ARR
2	Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, með ARR
2	Sameiginlegt fjárrag í aðhaldi heima á bæjum

2	Sameiginlegur fjárflutningur
2	Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við fé, ef ekki slímhúð eða líkamsvessa
2	Samnýting á skítadreifurum
2	Sameiginlegt beitiland með fóðurgrindum og drykkjartrogum
3	Fóður fengið frá riðubæ
3	Regluleg samnýting landbúnaðartækja með óbeina snertingu við fé
3	Landfræðileg lega (aðliggjandi bæir)

Takmarkanir á riðubæ

- Lengri takmörkunartími er settur á riðubæi þar sem fé er með MV/x en bæi þar sem allt féð ber V/x, allt að sjö ár í stað tveggja ára.
- Árleg klínísk skoðun á vegum MAST.
- Kindur sem ekki eru skornar niður og þær sem við hjörðina kunna að bætast skal einangra og halda innan fjárheldra girðinga á bænum enda greinist hefðbundin riða ekki á einangrunartíma. Einangrunartími frá niðurskurði er tvö ár á bæjum þar sem allt féð ber V/x en allt að 7 ár á bæjum þar sem hluti gripa ber ekki V. MAST er þó heimilt að leyfa að kindurnar séu haldnar í einangrun annars staðar.
- Skylt er að rækta upp hjörð á riðubæ með það að markmiði að hún verði ónæm fyrir riðu, enda verði allt ásetningsfé arfgerðagreint séu genasamsætur ekki þekktar.
- Við ræktun skal nota V/V hrúta, en á bæjum með MV fé (þar sem hluti gripa er ekki með V) er að auki heimilt að nota V/MV og MV/MV. Á árinu 2024 er þó heimilt að nota eigin hrúta sem bera V/x.
- Aðkeyptir hrútar skulu vera V/V
- Aðkeyptar lambgimbrar skulu bera V/x.
- Fé sem hvorki ber V né MV skal aflífa eða slátra. Fé sem ekki ber V og er eldra en 3ja mánaða er heimilt að senda til slátrunar að því tilskyldu að tekin séu heila- og eitlasýni og beðið niðurstöðu greininga áður en dreifing afurða er leyfð.
- Framvísa skal til MAST öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum og úr því skal taka heila- og eitlasýni. Jafnframt ber að upplýsa Matvælastofnun um vanhöld úr heimahögum eða af afrétti.
- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá riðubæ á önnur fjárbú, en Mast getur leyft flutning á V/V hrútum til riðu- og áhættubæja innan hólfs, þó ekki fyrstu 2 árin.
- Á takmörkunartíma skal ásetningsfé sem ekki er V/V eða V/MV sérstaklega litamerkt.
- Bannað er að flytja frá riðubæ á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur eða gæti hafa komist í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum, svo sem rúningskamba, búnaður til inndælingar í munn, áhöld tengd sauðburði o.fl.
- Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefnið, svo sem ómtæki, vogir, landbúnaðarvélar, fóður o.fl., er háð leyfi frá MAST, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Aflétting takmarkana á riðubæjum:

- Í hjörðum þar sem allt fé er með V genasamsætu verður takmörkunum sem sérstaklega eru settar á riðubæi að jafnaði aflétt þegar 2 ár eru liðin frá uppkomu riðunnar.
- Í hjörðum með blöndu af fé með V og MV genasamsætur verður takmörkunum sem sérstaklega eru settar á riðubæi aflétt þegar 7 ár eru liðin frá uppkomu riðunnar eða fyrr ef >75% hjarðarinnar ber V/V og rest V/MV, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum
- Á takmörkunartíma er heimilt að setja á afrétt fé með V/V. Einnig er heimilt að setja á afrétt fé með V/MV, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá uppkomu riðunnar
- Riðubær verður áhættubær í 1. flokki þegar þeim sérstöku takmörkunum sem settar hafa verið á bæinn hefur verið aflétt

Takmarkanir á áhættubæ

- Klínísk skoðun á vegum MAST, tvisvar á ári á búum í 1. áhættuflokki en einu sinni á ári á búum í 2. og 3. áhættuflokki
- Aðkeyptir hrútar skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV
- Aðkeyptar lambgimbrar skulu vera V/x eða MV/x
- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú, en flutningur fjár með arfgerð V/V, V/MV eða MV/MV er heimill til riðu- eða áhættubæja innan hólfs, með leyfi MAST
- Bannað er að flytja frá áhættubæ á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum
- Framvísa skal til MAST öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum. Jafnframt skal upplýsa MAST um vanhöld úr heimahögum eða af afrétti

Aflétting takmarkana á áhættubæ:

- Takmörkunum er aflétt af áhættubæ þegar >75% áa er með V/x eða MV/x arfgerðir eða þegar 7 ár eru liðin frá uppkomu riðu á tengdum riðubæ
- Þegar takmörkunum sem settar eru á áhættubæ er aflétt þá flyst hann í flokkinn „aðrir bæir í áhættuhólfi“

Takmarkanir á öðrum bæjum í áhættuhólfi

- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú, en flutningur fjár með arfgerð V/x eða MV/MV er heimill innan hólfs, með leyfi MAST.
- Bannað er að flytja frá bænum á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum nema með leyfi MAST.

Aflétting takmarkana á öðrum bæjum í áhættuhólfi:

- Takmörkunum er aflétt af bæ sem er í áhættuhólfi þegar >75% kynbótahrúta eru með V/V eða V/MV arfgerðir og restin V/x eða MV/x, og þegar >50% ásettra áa eru með V/x eða MV/x. Þar af leiðandi verður bænum heimilt að flytja lifandi fé til bæja í öðrum áhættuhólfum og samnýta tæki og tól með þeim bæjum. Skilyrði er þó að féð beri V/V, V/MV eða MV/MV.

Tafla 7. Yfirlit yfir reglur umfram almennar skyldur

Takmarkanir og aðgerðir	Riðubær allir gripir bera V/x	Riðubær gripir bera V/x eða MV/x	Áhættu-bær í 1. áhættu-flokki	Áhættu-bær í 2. áhættu-flokki	Áhættu-bær í 3. áhættu-flokki	Aðrir bærir í áhættu-hólf
Takmörkunartími /aflétting	2 ár	Allt að 7 ár eða þegar >75% hjarðar er V/V og rest V/MV þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá riðu	Allt að 7 ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x	7 ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x	7 ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x	Allt að 7 ár frá riðu eða þegar >75% hrúta er V/V eða V/MV og rest V/x eða MV/x og >50% áa er V/x eða MV/x
Heimaeinangrun	2 ár	7 ár				
Opinber klínísk skoðun	1 x ári	1 x ári	2 x ári	1 x ári	1 x ári	
Ræktun	Skylt með V/x	Skylt með V/x				
Kynbótahrútar	Skulu vera V/V	Skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV				
Flutningur hrúta inn á bú	Heimilt ef V/V	Heimilt ef V/V	Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV	Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV	Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV	
Flutningur gimbra inn á bú	Heimilt ef V/x	Heimilt ef V/x (á árinu 2024 líka MV/MV, þó aldrei >50% af heildarfjölda áa)	Heimilt ef V/x eða MV/x	Heimilt ef V/x eða MV/x	Heimilt ef V/x eða MV/x	
Slátrun fjár sem ekki bera V eða MV	Skylt (ef eldri en 3ja mán. þá háð leyfi MAST)	Skylt (ef eldri en 3ja mán. þá háð leyfi MAST)				
Fé sem drepst/aflífað á bæ og afföll	Skylt að upplýsa og framvísa til MAST	Skylt að upplýsa og framvísa til MAST				

Flutningur fjár frá bæ á önnur fjárbú	Óheimilt fyrstu 2 árin	Óheimilt fyrstu 2 árin, en síðan heimilt fyrir V/V til riðu- og áhættubæja innan hólfis með leyfi MAST	Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfis með leyfi MAST	Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfis með leyfi MAST	Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfis með leyfi MAST	Óheimilt, nema fyrir V/x eða MV/MV innan hólfis með leyfi MAST
Flutningur fjár frá bæ á afrétt	Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV	Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV				
Sérstök eyrnamerki	Skylt, í fé sem ekki er V/V	Skylt, í fé sem ekki er V/V eða V/MV				
Flutningur á önnur fjárbú eða samnýting á öllu því sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum	Bannað	Bannað	Bannað	Bannað	Bannað	Bannað
Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefnið	Háð leyfi Mast	Háð leyfi Mast				

4.2 Sauðfjárveikivarnahólf

Upphaf sauðfjárveikivarnahólfa má rekja allt til ársins 1937 en þá voru fyrstu varnargirðingarnar reistar til að verjast smitsjúkdómum sem kenndir voru við Karakúlféð, mæðiveiki og garnaveiki. Varnarhólf voru mynduð jafnt og þétt samhliða niðurskurði fjár vegna þessara sjúkdóma, flest urðu hólfín um 40. Fullvíst er að mæðiveiki (votamæði og þurramæði) var útrýmt 1965 að undangengnum víðtækum niðurskurði. Garnaveiki er hins vegar enn útbreidd í flestum varnarhólfum og er nú bólusett við sjúkdómnum í fjölmörgum hólfum.


Varnarhólf hafa gengt mikilvægu hlutverki í aðgerðum gegn riðuveiki. Með ákvæði í lögum um dýrasjúkdóma hefur frjáls samgangur fjár og flutningur þess verið bannaður á milli hólfá. Þegar formlegar stjórnvaldsaðgerðir hófust gegn riðuveiki með setningu reglugerðarinnar 1986 voru staðfestir riðubærir í 24 varnarhólfum af 37. Samkvæmt núgildandi reglugerð telst varnarhólf sýkt í 20 ár frá síðustu greiningu á riðu. Í janúar 2024 töldust 7 hólf sýkt af 25 hólfum, en þau eru þessi:

- Húna- og Skagahólf (til og með 2043)
- Miðfjarðarhólf (til og með 2043)
- Vatnsneshólf (til og með 2041)
- Tröllaskagahólf (til og með 2040)
- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (til og með 2030)
- Suðurfjarðarhólf (til og með 2025)
- Biskupstungnahólf (til og með 2024)

Í janúar 2025 teljast að óbreyttu, 6 af 25 hólfulum sýkt svæði og í janúar 2026 verða 5 af 25 hólfulum sýkt svæði, þar af eitt á Suðurlandi.

Með ræktun verndandi arfgerða minnkar vægi varnarhólfa sem áhrifaþáttur í baráttunni gegn riðuveiki, verður jafnvel ekkert. Hins vegar geta varnarhólf haft þýðingu við að stemma stigu við útbreiðslu nýrra smitsjúkdóma og til að vernda landsvæði fyrir landlægum sjúkdómum sem aldrei hafa komið upp á tilteknum landsvæðum, svo sem riðu og garnaveiki.

Kortið sýnir með svörtum línnum hvernig varnarlínum liggja. Litirnir sýna lit eyrnamerkja í sauðfé á viðkomandi svæði. Vegna niðurfellinga á varnarlínnum í gegnum tíðina geta fleiri en einn litur verið innan hvers hólfs og sami litur beggja megin við varnarlínur.



Í löggjöf eru settar víðtækar takmarkanir um flutning á lifandi fé og öllu sem getur borið með sér smit milli varnarhólfa og innan hólfs, sé hólfíð flokkað sem sýkt af riðu. Öll höft fela í sér takmarkanir á frelsi bænda til athafna og kostnað ríkisins vegna opinbers eftirlits, leyfisveitinga og annarrar stjórnábyrgðar og bóta vegna kinda sem felldar eru sem línubrjótar. Að auki ber hið opinbera töluverðan árlegan kostnað vegna viðhalds varnargirðinga. Ljóst er að ávinningur sem hlýst af skiptingu landsins í varnarhólf minnkar verulega samhliða ræktun gegn riðu. Rökrétt er því að fækka varnarhólfulum jafnt og þétt með niðurfellingu varnarlína og þar með minnka útgjöld ríkissjóðs.

Mast ber ábyrgð á að leggja til við MAR hvaða varnarlínnum sé rétt að viðhalda og hvaða varnarlínur sé rétt að fella niður, að undangengnu mati á gildi þeirra vegna garnaveiki og riðuveiki. Í landsáætlun þessari er eingöngu fjallað um gildi varnarlína vegna riðuveiki, tekið verði mið af stöðu svæða og er þeim skipt í eftirtalda þrjá flokka: A. hæsta verndarstig, B. miðlungs verndarstig og C. lægsta verndarstig.

A-flokkur: í hæsta verndarstigsflokkinn falla:

Línur sem afmarka líflambasölusvæði, þörf á vernd er svo lengi sem vilji er til þess að hafa sérstök landsvæði þar sem riða hefur ekki komið upp.

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- Snæfellsneshólf (3), línur sem skilja að eru:
 - Snæfellslína (5)

- Vestfjarðarhólf eystra (5), línur sem skilja að eru:
 - Gilsfjarðarlína (7)
 - Kollafjarðarlína (8), en hún flokkast þó í C vegna lítills smítalags
- Norðausturhólf (14) frá Jökulsá á Fjöllum að Brekknaheiði, línur sem skilja að eru:
 - Fjallalína (18)
- Örfæhólf (19), línur sem skilja að eru:
 - Breiðamerkursandslína (22)
 - Skeiðarársandslína (23)

B-flokkur; í miðlungs verndarstigsflokkinn falla:

Línur sem afmarka áhættuhólf frá öðrum hólfum sem ekki eru áhættuhólf, þörf á vernd er svo lengi sem aðliggjandi hólf hefur ekki nægjanlega vernd. Nægjanleg vernd milli slíkra hólfna telst vera þegar 100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV í aðliggjandi hólf sem ekki er áhættuhólf (viðmið er markmið 2032 fyrir landið allt).

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- Vesturlandshólf (2) liggur að Miðfjarðarhólfi (7), línur sem skilja að eru:
 - Tvídægurína (9)
 - Hvammsfjarðarlína (6),
- Dalahólf (4) liggur að Miðfjarðarhólfi (7), línur sem skilja að eru:
 - Hvammsfjarðarlína (6)
- Biskupstungnahólf (23) liggur að Húna- og Skagahólfi (9), línur sem skilja að eru:
 - Kjaralína (12)
- Eyjafjarðarhólf (12) liggur að Tröllaskagahólfi (10), línur sem skilja að eru:
 - Eyjafjarðarlína (15)

C-flokkur; í lægsta verndarstigsflokkinn falla:

Línur sem afmarka varnarhólf, þar sem meira en 7 ár eru liðin frá uppkomu riðuveiki í aðliggjandi hólfum og lítil þörf er á vernd milli hólfna. Varlegt væri að miða afléttingu hafta milli slíkra hólfna við að þegar >50% kynbótahrúta í 90% hjarða er V/x eða MV/x í aðliggjandi hólfum (viðmið er markmið 2028 fyrir allt landið).

Varnarlínur í þessum flokki eru:

- Hvítarlína (1) skilur að:
 - Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Biskupstungnahólf (23)
 - Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Grímsnes- og Laugardalshólf (24)
 - Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Landnámshólf (1)
- Sogs- og Bláskógarlína (2) skilur að:
 - Grímsnes- og Laugardalshólf (24) og Landnámshólf (1)
 - Grímsnes- og Laugardalshólf (24) og Vesturlandshólf (2)
- Brúararlína (3) skilur að:
 - Biskupstungnahólf (23) og Grímsnes- og Laugardalshólf (24)
- Hvalfjarðarlína (4) skilur að:
 - Landnámshólf (1) og Vesturlandshólf (2)
- Kollafjarðarlína (8) skilur að:
 - Vestfjarðahólf eystra (5) og Vestfjarðahólf vestra (6)
- Sprengisandslína (15) skilur að:
 - Rangárvallahólf (21) og Skjálfandhólf (13)
 - Rangárvallahólf (21) og Norðausturhólf (14)
- Skjálfandalína (16) skilur að:

- Eyjafjarðarhólf (12) og Skjálfandhólf (13)
- Jökuldalslína (18) skilur að:
 - Norðausturhólf (14) og Héraðshólf (15)
- Lagarfljótslína (19) skilur að:
 - Héraðshólf (15) og Austfjarðahólf (16)
 - Héraðshólf (15) og Suðurfjarðarhólf (17)
- Reyðarfjarðarlína (20) skilur að:
 - Austfjarðahólf (16) og Suðurfjarðahólf (17)
- Hamarsfjarðarlína (21) skilur að:
 - Suðurfjarðahólf (17) og Suðausturlandshólf (18)
- Tungnaárlína (24) skilur að:
 - Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf (20) og Rangárvallahólf (21)
- Markarfljótslína (25) skilur að:
 - Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf (20) og Rangárvallahólf (21)
- Þjórsárlína (26) skilur að:
 - Rangárvallahólf (21) og Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22)

Línur sem afmarka áhættuhólf frá öðru áhættuhólfi og engin þörf er á vernd milli hólfa, sértækar sóttvarnareglur gilda í þessum hólfum.

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- Miðfjarðarlína (10) skilur að:
 - Miðfjarðarhólf (7) og Vatnsneshólf (8)
 - Miðfjarðarhólf (7) og Húna- og Skagahólfi (9)
- Vatnsneslína (11) skilur að:
 - Vatnsneshólfi (8) og Húna- og Skagahólf (9)
- Héraðsvatnalína (13) skilur að:
 - Húna- og Skagahólf (9) og Tröllaskagahólf (10)

Girðingar sem mynda varnarlínur sem felldar verða niður ber að ráðstafa eða fjarlægja að undangenginni fjármögnun sem MAR tryggir að fengnu samþykki Alþingis.

4.3 Sóttvarnir á búum

Algengasta smitleið riðu í sauðfé er í gegnum munn. Smithættan er mest við húsvist á sauðburði þar sem mikið magn af smitefninu finnst í hildum og fósturvatni sýktra kinda.

Smitefnið er afar lífseigt. Það þolir t.d. hita og kulda, langa suðu, geislun og flest sótthreinsiefni, nema helst klór. Utanhúss er smithætta mest þar sem kindur safnast saman, t.d. við brynningarstampa og önnur ílát, klórustaura, tóftir, skjól o.s.frv.

Smit getur breiðst út með lifandi kindum, kindahræjum, skít, ýmsum áhöldum og tækjum, heyi, fatnaði o.fl.

Almenn sóttvarnaráð fyrir sauðfjárbændur og starfsfólk á sauðfjárbúum:

- Viðhafa gott hreinlæti á sauðburði
- Fjarlægja hildir og hræ án tafar og farga þeim á öruggan hátt
- Ekki fara í fjárhús á öðrum bæjum á sauðburði
- Ekki fá lánaða hrúta frá öðrum
- Fanga aðkomufé og láta eiganda sækja það með sínu farartæki
- Ekki taka fé frá öðrum bæjum inn í fjárhús
- Ekki nota tæki eða tól sem notuð hafa verið á öðrum sauðfjárbúum nema að undangengnum rækilegum þrifum með sápu og sótthreinsun með klór
- Ekki hleypa fólki inn í fjárhús, sem hefur verið á öðrum sauðfjárbúum, nema það sé í hreinum hlífðarfötum eða fari í hlífðarföt sem tilheyra bænum
- Girða heimalönd af og halda girðingu fjárheldri

Ýmsar takmarkanir eru settar á bú þar sem riða hefur komið upp og bú sem hafa tengingu við riðubú, sem miða að því að draga úr hættu á útbreiðslu smits, sbr. kafla 4.1. Þessar takmarkanir girða ekki fyrir alla hættu og verða því fjáreigendur að sýna ábyrgð við ákvörðun um flutning og samnýtingu á öllu því sem mögulega getur borið með sér riðusmitefni, svo sem ómskoðunartæki, vogir, landbúnaðartæki o.s.frv. Sérstaklega á þetta við bændur á búum þar sem riða hefur komið upp, áhættubú og önnur bú í áhættuhólfi, en almennt ættu allir fjárbændur ávallt að gæta sóttvarna. Um er að ræða áherslubreytingu þannig að bændur axli ábyrgð á eigin smitvörnum í anda slagorðsins „Bóndi ver þitt bú“.

Ef óvissa er um hvað borið getur smit, geta bændur alltaf leitað til MAST um faglegar leiðbeiningar.

4.4 Söfnun og úrvinnsla dýrahæja

Skipulögð söfnun dýrahæja á vegum sveitarfélaga fer fram á um helmingi landsins, en úrvinnslustöðvar eru engar.

Að beiðni matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er hafin vinna við tillögu að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi dýrahæja og sláturúrgangs frá bæjum (efni í 1. flokki skv. 8. gr. EB reglugerðar nr. 1069/2009), með það að markmiði að koma þeim í viðeigandi úrvinnslu eða förgun. Félaginu Líforkuver ehf. hefur verið falið að stýra verkefninu sem unnið er í samstarfi við finnska ráðgjafafyrirtækið GMM Honkajoki Group.

Tillagan mun byggja á hugbúnaði og verklagi sem notað er bæði í Finnlandi og Noregi og uppfylla kröfur EES-reglna um meðhöndlun aukaafurða dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Fullbúinni tillögu verður skilað til ráðuneytanna í apríl/maí 2024. Á grundvelli hennar munu ráðuneytin geta greint kostnaðarþörf fyrir innleiðingu kerfisins fyrir komandi fjárlög og fjármálaáætlun næstu fimm ára en markmiðið er að kerfið verði að fullu innleitt fyrir upphaf 2026.

Samhliða því að komið verður á fót heildstæðu söfnunarkerfi á landsvísu skipuleggur MAST sýnatökur og fylgir því eftir að sýni séu tekin úr hræjum, sbr. kafla 5.2.

5. Vöktun

Kveðið er á um vöktun á riðuveiki í sauðfé í kafla A í III. viðauka reglugerðar EB 999/2001.

MAST ber ábyrgð á gerð árlegrar sýnatökuáætlunar, töku sýna, úrvinnslu og birtingu niðurstaðna. Keldur annast greiningu sýna samkvæmt forgangsöröðun MAST, skal öllum greiningum fyrra árs lokið eigi síðar en í lok febrúar. Forgangsöröðun greininga tekur mið af áhættuflokkun bæja og svæða auk þess hvort um er að ræða sýni vegna gruns um riðu eða af sjálfdaudu fé eða fé sem fellt hefur verið heima o.s.frv. MAST leiðbeinir um töku sýna úr hræjum og þjálfar sýnatökufólk. MAST ber ábyrgð á greiðslu kostnaðar við sýnatökur og greiningu sýna sem eru tekin vegna vöktunar eða gruns um riðuveiki.

Vöktun klínískra einkenna riðuveiki er stöðug og er lýst í kafla 5.1.

5.1 Eftirlit með einkennum

MAST útbýr kennsluefni um klínísk einkenni riðuveiki, en BÍ annast útbreiðslu og kynningu þess meðal bænda. Bændur hafa vakandi auga með einkennum riðuveiki í sínum hjörðum. Fjallkóngur og/eða réttarstjóri bera þessa ábyrgð í smalamennsku og réttum. Vakni grunur um riðuveiki, ber viðkomandi aðila að hlutast til um að taka slíkt fé frá og tilkynna það til MAST. Í samráði við MAST er féð aflífað, tekin úr því sýni og þau greind hjá Keldum eins fljótt og kostur er.

5.2 Sýnatökur

- a) Sýnatökur úr fé sem slátrað er til manneldis

Regluleg skimun fyrir riðuveiki fer fram í sláturhúsum með töku heilasýna úr fullorönu fé, 18 mánaða og eldra. MAST gerir árlega sýnatökuáætlun úr sláturfé, úrtakið skal valið þannig að dreifingin sé sem jöfnust hvað varðar m.a. uppruna, kyn, aldur, gerð bús o.fl., forðast skal að taka mörg sýni úr sömu hjörð. Við gerð sýnatökuáætlunar er einnig tekið mið af áætluðum fjölda sýna sem falla undir b-lið hér að neðan, útbreiðslu riðuveiki eftir varnarhólfum og algengi heimaslátrunar. Eftirlitsdýralæknar MAST annast töku sýna í sláturhúsum og sendingu þeirra til Keldna.

Bændum í áhættuhólfum ber að tilkynna MAST um fyrirhugaða heimaslátrun með hæfilegum fyrirvara. Þeir varðveita og senda hausa til Keldna samkvæmt leiðbeiningum MAST.

- b) Sýnatökur úr fé sem drepst eða er aflífað á bæjum

Í þeim löndum sem fjöldi ásettra áa er á bilinu 250-750 þúsund skal samkvæmt reglugerð EB 999/2001 taka a.m.k. 1500 sýni úr fé sem hefur drepist eða verið aflífað, þó ekki vegna niðurskurðar eða slátrunar til manneldis. Féð skal vera eldra en 18 mánaða og úrtakið skal valið þannig að dreifingin sé sem jöfnust hvað varðar m.a. uppruna, aldur, gerð bús o.fl. Eftir því sem við verður komið skal miða við að tekin séu sýni frá öllum bæjum með meira en 100 kindur á tilteknu sýnatökutímabili. Gera skal ráðstafanir til að ganga úr skugga um að ekkert fé sé haldið frá sýnatöku. Heimilt er að sleppa sýnatökum á afskekktum stöðum með fátt fé þar sem engin skipulögð söfnun er á dýrahæjum. Þó má þetta fé ekki vera meira en 10% af heildarfjölda fjár í landinu.

Aðkallandi er að koma á skipulagðri sýnatöku úr sjálfdaudu sauðfé eða sem er aflífað á bæjum, sbr. ákvæði reglugerðar EB 999/2001. Skipulag sýnatöku úr hræjum þarf að vinna samhliða skipulagi söfnunar dýrahæja og tilkomu úrvinnslustöðva, áætlað er að samræmt skipulag á landsvísu verði komið á laggirnar árið 2026, sjá umfjöllun í kafla 4.4.

Þrátt fyrir að ekki sé til samræmt skipulag söfnunar dýrahæja á landsvísu verða sýni þó tekin á árunum 2024 og 2025 úr hræjum á Norðvesturlandi þar sem skipuleg söfnun hræja á sér stað (Skagafjörður). Sýnin eru tekin áður en hræ eru sótt á bæina. Í þessu samhengi er mikilvægt að eyrnamerki séu látin óhreyfð í hræi.

Bændur tilkynna söfnunaraðila dýrahæja þegar þeir óska eftir að hræ sé sótt heim á bæ. Í tilkynningu þarf að koma fram tegund og aldur dýrs. Söfnunaraðili upplýsir sýnatökumann reglulega um hræ sem hafa fallið til. Sýnatökumaður, sem þjálfaður er af MAST, tekur sýni áður en hræjum er safnað og sendir þau á Keldur. Söfnunaraðili og sýnatökumaður getur verið sami aðilinn. Sýnatökumaður vinnur í umboði og skv. leiðbeiningum frá MAST.

Markmið um sýnatökur úr hræjum kinda eldri en 18 mánaða:

- Árið 2024 verði sýnataka úr öllum hræjum sem safnað er í Skagafirði. Verði skipuleg söfnun víðar á Norðurlandi vestra verður sýnataka með sama hætti og í Skagafirði.
- Árið 2025 verði sýnataka úr öllum hræjum sem safnað er á Norðurlandi vestra og úr 25% hræja sem skipulega er safnað annars staðar á landinu.
- Frá og með árinu 2026 verði tekin að lágmarki 1.500 sýni úr hræjum sem skipulega er safnað og koma á úrvinnslustaði á landinu öllu.

6. Viðbrögð við uppkomu riðu

Stjórnsýsla við uppkomu riðuveiki skal vera fyrirsjáanleg og gagnsæ. Viðbrögð og aðgerðir skulu sett fram í reglugerð og skulu ákvæði taka efnislegt mið af því sem fram kemur í kafla þessum. Stjórnsýslulegar ákvarðanir við uppkomu riðuveiki skulu teknar af MAST að undangenginni heimild til þess í lögum nr. 25/1993.

Við uppkomu riðuveiki geta aðgerðir verið með eftirfarandi hætti:

1. Eingöngu V samsætur
 - Hrútar skulu hafa V/V arfgerð en gimbrar mega vera með V/x
 - Gildistími takmarkana er 2 ár, sjá nánar í kafla 3.
2. Bæði V og MV samsætur
 - Hrútar skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV, árið 2024 er þó heimilt að hrútar séu V/x.
 - Gimbrar mega vera V/x þó aldrei <50% af ánum og rest MV/x.
 - Gildistími takmarkana er allt að 7 ár, sjá nánar í kafla 4.

MAST fyrirskipar aðgerðir þegar riða er staðfest í hjörð að undangenginni könnun á vilja bónda til niðurskurðar að hluta og úttekt á aðstæðum og getu til einangrunar fjárins. Að auki skal lagt mat á hversu aðkallandi aðgerðir eru m.t.t. árstíma, smithættu og velferðar fjárins. Að jafnaði er niðurskurði beitt en heimilt verður að undanskilja kindur sem bera V eða MV genasamsætur. Að undanskilja kindur sem bera MV kallar á sértækar mótvægisáðgerðir sem fela m.a. í sér lengri einangrunartíma en ef aðeins kindur með V eru undanskildar, sjó ár í stað tveggja ára, og víðtækari sýnatökur.

Í stað niðurskurðar er heimilt að slátra lömbum yngri en þriggja mánaða og fé sem ber V genasamsætu án takmarkana en öðru fé verður heimilt að slátra með skilyrðum um sýnatökur og bið með dreifingu afurða.

Heimilt verður að fresta niðurskurði um allt að þrjú ár ef hjörð ber einstaka erfðaeiginleika sem vert er að varðveita á landsvísu að mati RML. Forsendur þess að heimildir séu nýttar um að undanskilja fé frá niðurskurði eða fresta honum, eru að arfgerð fjárins og/eða fósturs sé þekkt og að ræktunaráætlun liggja fyrir sem uppfyllir skilyrði sem fram koma í kafla 3. Jafnframt skal fénu haldið í einangrun með ákveðnum skilyrðum.

Að loknum niðurskurði, hvort heldur allrar hjarðarinnar eða hluta hennar, eru settar á tímabundnar takmarkanir og skilyrði, sbr. kafla 4.1. Eftir niðurskurð skal hreinsað þannig að smitefni riðu sé lágmarkað á stöðum þar sem helstu smitleiðirnar eru, svo sem á svæði innandyra þar sem sauðburður fer fram, fóðurstæðum, görðum, vatnstrogum og á hlutum sem fé sækir í að sleikja, innandyra sem utan. Aðgerðir til að minnka magn smitefnis fela í sér að hreinsa, þvo og sótthreinsa og jafnvel mála, samkvæmt fyrirráðum MAST.

Sótthreinsunaraðgerðum skal vera lokið a.m.k. þremur mánuðum áður en nýtt fé er tekið á bæ/í hjörð og þær skulu hafa staðist úttekt héraðsdýralæknis. Þeir sem ekki ætla að taka fé að nýju eða nýtt fé í hjörðina skulu hafa lokið þrifum og sótthreinsun innan 6 mánaða frá niðurskurði.

Ekki eru takmarkanir á notkun heyfyrninga á riðubæ, en flutningur á þeim frá bæ er háð leyfi MAST, sbr. kafla 4.1.

MAST stýrir aðgerðum við niðurskurð og förgun hræja, en bóndi afhendir féð heima á bæ. Bóndi annast alla hreinsun, þrif og förgun eða ráðstöfun efnis, en MAST tekur verkið út og annast sóttgreinsun.

7. Bætur, fjárstuðningur og aðrar greiðslur

Opinberar bætur, fjárstuðningur og greiðsla kostnaðar við uppkomu riðuveiki skulu vera fyrirsjáanleg og gagnsæ. Stjórnsýsla skal einfölduð og flutt frá MAR til MAST, fyrirskipun aðgerða og fjármálaleg stjórnsýsla verður hjá MAST og verða ákvarðanir stofnunarinnar þannig kærarlegar til MAR. Fjárlagaliðinn „04-851 greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum“ skal flytja frá MAR til MAST eða gerðar ráðstafanir þannig að MAST annist greiðslur vegna kostnaðar og bóta, þar á meðal greiðslur vegna línubríóta og viðhalds varnargirðinga. Greiðslur bóta fyrir bústofn, efni og hluti annars vegar og styrki til líflambakaupa hins vegar skulu byggja á umsóknum þar um, sama gildir um greiðslur vegna tapaðra afurðatekna. MAR annast stjórnsýslu og úthlutun styrkja, svo sem til arfgerðagreininga og sæðinga, og annast fjármögnun þeirra. MAR annast fjármögnun aðgerða, bóta og viðhalds varnargirðinga sem falla undir fjárlagalið 04-851 í fjármálaáætlunum og eftir atvikum í fjárukalög. Sé fjármagn á fjárlagalið 04-851 uppurð þegar MAST á að inna af hendi greiðslur sem undir þann fjárlagalið falla þá færast ábyrgð á greiðslum til MAR þar til fjármögnun er tryggð á fjárlagaliðnum. Fjármögnun er þó aðeins tryggð með fjárveitingu frá Alþingi.

Í stað samninga milli viðkomandi bænda og MAR í kjölfar uppkomu riðuveiki verða ákvæði sett í reglugerð og skulu þau taka mið af eftirfarandi:

1. Bústofn
 - a. Ríkissjóður bætir fyrir allt ásett fé sem fellt er að fyrirmælum MAST, þannig að bóndi geti endurnýjað bústofninn að fullu. Við ákvörðun bótaupphæðar fyrir hverja kind væri tekið mið af áætluðu kaupverði líflamba. Bótaupphæðir, einnig fyrir hrúta og lömb, yrðu settar í reglugerð og skulu upphæðir taka verðlagsbreytingum með sama hætti og árleg heildarupphæð fjárveitinga til stuðnings við sauðfjarrækt (fjárlagaliður 04-805). MAST annast greiðslu þessara bóta innan 30 daga frá umsókn.
2. Hlutir og efni
 - a. Ríkissjóður bætir fyrir efni og hluti sem er fargað og þarf að endurnýja samkvæmt fyrirmælum MAST. MAST annast greiðslur þessara bóta og skal greiða 70% innan 30 daga frá því matsmaður hefur skilað matsblaði. Restin skal greidd innan 2ja vikna frá því að hreinsun, þvottur og sóttþreinsun hefur staðist úttekt héraðsdýralæknis.
 - b. Verðmæti efna og hluta skv. a-lið er metið af óháðum matsmanni og tekur verkið að sér að beiðni MAST, að fyrirmynd Náttúruhamfaratrygginga Íslands. Við verðmat skal taka mið af ástandi efna og hluta sem það er í þegar því er fargað og verð lækkað frá nýverði í samræmi viðástand og yrði í því sambandi leitað fyrirmyndar í reglugerð nr. 770/2023 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. MAST f.h. ríkissjóðs greiðir kostnað við matið, skv. framlögðum reikningi.
 - c. Ekki er greitt fyrir vinnu og kostnað við hreinsun og þrif og ekki fyrir fyrningu á heyi, ráðstofun á taði eða jarðvegi eða annað sambærilegt. Framkvæmd sóttþreinsunar er á vegum MAST.
3. Almennar opinberar stuðningsgreiðslur
 - a. Viðkomandi bú heldur öllum opinberum stuðningsgreiðslum í allt að þrjú ár. Upphæðin miðast við meðaltal greiðslna til búsin næstliðin þrjú almanaksár áður en riða kom upp. Greiðslur taka árlega verðlagsbreytingum á tímabilinu með sama hætti og árleg heildarupphæð fjárveitinga til stuðnings við sauðfjarrækt (fjárlagaliður 04-805). Greiðslur sem búið fær til stuðnings sauðfjárframleiðslu samkvæmt almennum reglum á sama tímabili s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki er fargað dragast frá greiðslum. Verði teknar ákvarðanir um einhverjar viðbótargreiðslur á grunni sauðfjársamnings á tímabilinu fá búin þær líka. MAR annast þessar greiðslur og skulu þær fylgja almennum útgreiðslum opinberra stuðningsgreiðslna til sauðfjorbænda.
 - b. Viðkomandi bú fær í allt að þrjú ár greiðslu vegna tapaðra afurðatekna samkvæmt umsókn þar um til MAR. Fjárhæðin miðast að jafnaði við meðaltal allra fenginna afurðatekna vegna sauðfjarræktar næstliðin þrjú almanaksár áður en riða kom upp. Heimilt verði að taka tillit til ef eitthvað af árunum er afbrigðilegt og miða þá við annað ár. Í umsókn lætur búið í té fullnægjandi gögn yfir fengnar afurðatekjur á tímabilinu. Afurðatekjur vegna sauðfjárframleiðslu sem búið fær á greiðslutímabilinu s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki er fargað dragast frá greiðslum. MAR annast þessar greiðslur og skulu þær inntar af hendi í október ár hvert.

4. Stuðningur við uppbyggingu hjarða
 - a. Ríkissjóður styrkir kaup á líflömbum sem bera V/x, í allt að 3 ár. Styrkur fyrir hvert lamb nemur kaupverði að frádregnum bótum skv. tl.1. MAR annast úthlutun styrkja innan 30 daga frá umsókn að framlögðum reikningum.
5. Greiðsla kostnaðar við aflífun o.fl.
 - a. MAST greiðir f.h. ríkissjóðs allan kostnað sem til fellur við flutning og aflífun fjár sem fellt er vegna uppkomu riðuveiki. Einnig kostnað við töku sýna og greiningu þeirra auk flutnings hræja og eyðingu þeirra.

MAST er heimilt er að skerða eða fella niður bætur til þeirra bóa sem ekki rækta gegn riðuveiki í samræmi við markmið sem sett eru í kafla 3.3. eða fara ekki eftir ákvæðum dýrasjúkdómalaga eða reglugerða, og öðrum fyrirætlum settum samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa verið gerðar ef ekki er staðið við skilyrði reglugerðarinnar.

